

Bjarni Reykjalín  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 7. apríl 2015  
UST201503-104/K.S.J.  
10.04.00

**Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 í landi Kárhóls.  
Tillaga að deiliskipulagi rannsóknarstöðvar í landi Kárhóls, Reykjadal.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 í landi Kárhóls. Einnig er óskað umsagnar um tillögu að deiliskipulagi rannsóknarstöðvar í landi Kárhóls.


Í greinargerð kemur fram að Aurora Observatory sjóðurinn og Kínverska Pólar Rannsóknarstofnunin PRIC munu reka vísindamiðstöðina og gestastofu á jörðinni Kárhóll.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022**


Í ofangreindri tillögu er gert ráð fyrir landnotkunarreit fyrir þjónustustofnanir alls 15,2 ha. Svæðið þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum er skilgreint í dag sem landbúnaðarsvæði, þar eru sléttuð tún frá því um 1960.

**Tillaga að deiliskipulagi rannsóknarstöðvar í landi Kárhóls, Reykjadal.**

Ofangreind deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir að afmarkaðar eru nýjar lóðir utan um núverandi byggingar á jörðinni og nýrri lóð umhverfis fyrirhugað rannsóknarhús. Gert er ráð fyrir að þar verði reist rannsóknastöð með gestastofu alls 700 – 800 m<sup>2</sup>. Í deiliskipulagstillögu er gerð grein fyrir fráveitu og aðkomu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu og deiliskipulagstillögu.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur